

(7)

Úr trúarsögu Forn-íslendinga.



Helgi Pétursson

Úr trúarsögu Forn-íslendinga.

Nulla res efficacius multitudinem
regit quam superstitionem.

Curtius.

Ólafur Tryggvason kristnaði Noreg, og af hans völdum komst kristni á hér á landi eins og kunnugt er.

Það virðist í fljótu bragði næsta undarlegt, að þessi tigerhjartaði vikingur skyldi hafa svo brennandi áhuga á því að boða »trúarbrögð kærleikans«, — og illmennið Pangbrandur, einn aðalkristniboðinn á Íslandi, var þeim, er hann sendi, fyllilega samboðinn. — En undrunin hverfur er vér gætum betur að; Ólafur konungur braut Noreg til kristni og svalaði þannig sinni riku drottinslund; valdrafrejjan, að brjóta landsfólkið til hlýðni við sig, eigi einungis sem konung, heldur einnig sem trúboða, hefir að likindum verið Ólafi Tryggvasyni aðalhvötin til trúboðsins. Sjálf var kristnin, sem svo harðlega var haldið að mönnunum, um fram alt »nýr siður«; mannúðarhugmyndanna gætti fremur lítið, og hlutu þær ásamt afneitun holdsins og hinni austrænu aðgerðalausu þolinmæði í þrautum, að vera mjög fjarri skapi þessu grimma og glæsilega rándýri.

Varla voru kristilegri ástæðurnar til kristnitökunnar en kristniboðsins. Það þarf ekki að taka þetta fram um þá, sem voru píndir til kristni, og mætti þó ef til vill fremur segja það um þá, en ýmsa af hinum, sem kristnir urðu af frjálsum vilja. Hvergi kemur fram sú skoðun, að sá, sem kastar heiðni og gjörist kristinn, kjósi sannleik en hafni falstrú; aldrei er látið í ljósi, að Þórr og

Óðinn eigi sér enga veru nema í hugum manna. Þegar vikingarnir taka kristni, þá er það af því að þeir ætla, að himnukonungurinn sé voldugri en guðir forfedra þeirra; þeir taka himm nýja síð af því að þeir halda að hann muni vera þeim gagnsmeiri¹⁾. — Fróðlegt er í þessu sambandi að minnast Helga magra, sem trúði á Krist, en treysti honum þó ekki þegar i hart faeri, og hét á Þór til harðraða og sæfara. Jafnvel trúbodinn Pangbrandur efst ekki um að Þórr sé til. »Heyrt hefi ek«, segir Pangbrandur við Steinunni móður Skáld-Refs, »at Þórr var ekki nema mold ok aska, ef guð vildi eigi at hann lifði«; en Steinunn segir aftur í vísunum (Þórr brá Þvinnils dýri o. s. frv.) að Þórr hafi brotið skip Pangbrands, en Kristur og Guð ekki hlift því eða gaett þess. Hér er einungis lögð áherzlan á það, hvor guðinn sé máttugii; hvorugt segir (eða er látið segja) að guð hins sé ímyndun ein.

Alveg í sömu átt benda þessi orð í Kristnisögu²⁾: »Um sumarit á þingi var mikil umræða um trúna, er Pangbrandr boðaði, ok guðlostuðu þá sumir menn mjök, en þeir er skirðir voru ámaeltu guðunum, ok var at því sveitardráttur mikill«.

Þá var það, sem Hjalti Skeggjason smánaði goðin og varð sekur fyrir. Flokkarnir niða hvor annars guði, líkt og um höfðingja væri að ræða. Petta sýnir mjög átakanlega, hvað trúin á tilveru guða var sterk; það má nærrí geta, hvort það hefði ekki verið notað, ef einhverjum hefði hugkvæmst, að hin heiðnu goð væru hugmyndir einar; frekar var ekki unt að *smána* goðin, en gera þau að engu. En efunarmenn hafa engir verið þar til.

Petta bendir á, að jafnvel ekki víkingar þeir, sem guðlausir voru nefndir, hafi í raun réttri verið trúlausir³⁾; að þeir trú ekki á goðin, þýðir að eins, að þeir þykjast eiga meira undir sjálfnm sér en goðunum, og vilja því ekki blóta. Karlmensku og sjálfstraust töldu vikingarnir æðstu dygðir, og því hlaut að reka að guðleysinu fyrir þeim, jafnframt því sem síðferðishugmyndir þeirra fullkomnuðust, og urðu að sumu leytí mjög virðingarverðar⁴⁾.

Guðleysi, samfara drenglyndi og orðheldni, einkennir beztu menninga, þegar «heiðni» Norðurlanda-stóð í mestum blóma. En trúin á tilveru goðanna mun þó aldrei horfið hafa vikingunum.

Jafnvel eftir að kristnir varð ofan á, dó ekki trúin á hin fornu goð úr hugum manna; en hún breyttist og varð að hjátrú — og af því er ef til vill einnig það orð leitt? —; goðin runnu að nokkru leyti sauman við hinar kristnu hugmyndir um andskotann og ára hans.

Hinir heiðnu forseður vorir voru fulltrúa á annað líf eftir þetta. En þeirri trú var svo háttáð, að hún gat aldrei orðið, eða upp af henni sprottið, neitt andlegt kúgunarvald, sem beygði viljami og brjálaði skynsemina, eins og kirkjuvaldið síðar. Hinnaríkið sit, Valhöll, áttu heiðingjarnir víst, væru þeir hraustir og drenglyndir og hefðu »polad sár ok sviða til banans«. Íjá þeim var ekkert klerkavalld, sem gat lokað þá úti frá sælustaðnum, þar sem þeir áttu að fá að berjast á hverjum degi og fengu aldrei þann áverka að þeir væru úr leiknum, og þar sem þeir átu það kjöt, sem var »fleska bazt« og óþrójtandi og urðu »fulldrukknir« dag hvern að kveldi.

Óþreyttari menn á lífinu er varla unt að hugsa sér en þá, sem gjörðu sér þessa hugmynd af sælustaðnum annars heims.

Verri staðarins gætir miklu minna í hugmyndum hinna heiðnu vikinga, og þurfti ekki að standa mikil ógn af honum.

Alt öðru máli er að gegna um kristnina. Lýsingin á Paradis er fremur litardauf, en ekki verður slikt sagt um »útmálun Helvítis«. Helviti kristninnar er óefad hræðilegasta grýlan, sem mannsandinn hefir skapað sér, enda voru þar nógar fyrirmyndirnar að smiða eftir, í lifi manna, eins og vitringurinn Schopenhauer hefir svo hnitti-lega tekið fram.

Lifsleið kristins manns á miðoldunum má segja að legið hafi eftir vandförmum tæpastig, þar sem sjóðandi Helvitið vall fyrir neðan. Dygðir vikingsins stoðuðu

ekkert á þessari leið; þar stoðaði ekkert hreysti og harðfengi, heldur ekki hreinlyndi og orðheldni. Handleiðsla kirkjunnar var það sem við þurfti, og nytí hennar ekki við, þá hrappaði maðurinn við andlátíð niður í þann cilifa eld.

Á þessu bygðist nú einkum ógnarvald kirkjunnar.

Óttinn við helviti reyndist að vísu vanalegast ónógor mönnum til þess að þeir lifðu eftir siðferðisreglum kirkjunnar, þeim sem komu mest í bága við eðli þeirra. Menn gátu tekið lausn af kirkjunni, og var þá, sem þeir hefðu ekki syndgað. Þetta atriði mun hafa átt drjúgan þátt í því að gera niðja himna drenglyndu og orðheldnu heiðingja að svikurum og meinserismönnum Sturlunga-aldarinnar⁵), og hefir það í aðra röndina dregið jafnmikið úr skelfingunni fyrir Helviti eins og það hins vegar jók á lotninguna fyrir kirkjunni. Til að skýra það að óttinn við helviti hefði ekki eins gagngjörð áhrif á daglega breytni manna og vænta mátti, verður enn fremur að benda á, hversu skamnsýn er ímyndun mannanna; nálæg hagsvon dregur þá meir en fjarlægar ógnir aga þá, hversu geigvænlegar sem eru. Og dauðann hyggja menn sér vanalega fjarlaegan; það hefir jafnvel sagt verið, að enginn trúi til fulls á dauða sinn fyr en að ber; er það að vísu sjálfsgagt of djúpt tekið í árinni, en þó varla eins um of og ýmsum mun virðast.

En hvað sem þessu liður, þá var enginn svo ímyndunarhljór, að ekki myndi hann á banastundinni eftir ógnum helvítis. Hinrar marg-endurteknu og mergjuðu lýsingar prestanna á kvalastaðnum — sem til daemis Sólarhljóð gefa nokkra hugmynd um⁶) — stóðu mammínnum þá fyrir hugskotssjómum, og óttini við dauðann gat af sér einþá voðalegri skelfingu.

Þeir, sem gerast banvænir, eða eiga sér vist litlát, hegða sér því mjög ólíkt eftir því, hvort þeir trúá á Helviti eða ekki; og með því að ihuga það sem í sögunum segir um þessi atriði, getum vér fengið mjög merkilega fræðslu um kristnisögu Íslands — í viðari merkingu og um mannsedlið⁷).

Á þann hátt, sem vikið var á, getum vér nú séð, hvernig kristnar trúarhugmyndir eru veikar framan af, en fá meira og meira vald yfir hugum manna, unz þær á hinum blöðugu Sturlunga-öld eru orðnar svo magnadár, að menn kjósa einatt heldur að láta líf — þegar í tvísýnu er komið — heldur en að brjóta á móti þeim. Ennþá seinna hertekur kirkjurtrúin alveg hugina, og hið »skynsamlega vit« fyrri manna hverfur að mestu hjá niðjum þeirra.

Eftir trú heiðingjanna er það, eins og áður er á vikið, mjög skiljanlegt, að þeir biðjist ekki hofgoðafundar þó að þeir gjörist banvænir eður eigi að liflátast. Og fyrst eftir að kristni er lögtekín á Íslandi virðist ekki hafa orðið mikil breyting á því, hvernig menn verða við dauða sínum að þessu leyti. Þess er ekki getið, að menn skriftist á undan bardögum eða hrópi á prest er þeir falla óvígir.

Þó eru þess dæmi, að óttinn við helviti kemur fram þegar á söguöldinni.

Andlátsvísa Hallfreðar vandræðaskálds er mjög fróðleg í þessu efni og eftirtektarverð:

Ek munda nú andask,
umgr vask harðr í tungu,
senn, ef sálú minni,
sorglaust, vissak borgit;
veitk at vætki of sýtik,
valdi guð hvar aldri
(dauðr verðr hverr) nema hræðumk
helviti, skal slita^a).

Betta er andlátssálmur kristins manns. En aðalatriði trúarjátningar hans er óttinn við helviti, þessi alveg ný ótti, sem vikingarnir höfðu ekkert af að segja. Hallfreður getur ekki dáid kvíðalaus, að því að hann er ekki viss um að verða sáluhólpinn, eins og síðar var að orði komið. Eins og Þórir jökull síðar, huggar Hallfreður sig við

það, að allir verði að deyja, og sýtir ekki beinlinis þess vegna; en hann tekur það fram með berum orðum, að hann hraðist Helviti. Það er farið að skyggja undir myrkur miðaldanna, sem síðar faerðist yfir landið.

Nokkru síðar en Hallfredur deyr, er brendur inni Njáll og synir hans. Þegar menu ræða um Njálu, er algengt að þeir láti í ljósi undrunina á aðferð Njáls í þessu síðasta máli hans. Hann virðist undir niðri vera því mótfallinn að saettir komist á, og þegar Flosi kemur að Bergþórshvoli með flokk sinn, vill hann ekki lofa sonum sínum að berjast úti, og fara þeir inn með honum, þó að þeir sjáí þá sitt óvaenna.

Þeir Flosi gjöra nú »stór bál fyrir öllum durum. Tök þá kvernaliðit illa at þola þat er inni var. Njáll mælti til þeirra: »verðið vel við ok mælið eigi æðru; því at él eitt mun vera — ok skyldi langt til annars sliks. Trúið þór ok því, at guð er miskunnsamr, ok mun hann oss eigi láta brenna bæði þessa heims ok annars«^{9).} (Njála 129. kap.).

Njálssynir höfðu vegið Höskuld Hvítanesgodá og féll Njáli það svo þungt, að hann vildi heldur »hafa látið tvá sonu sína ok lifði Höskuldr«. Njáll hafði verið kristninni hlyntur frá því er hún var fyrst boduð hér á landi og er láttinn segja: »svá lízt mér, sem hinn nýi átrúnaðr muni vera miklu betri ok sá muni sæll er þann fer heldr« (100. kap.).

Sú hugsun, að guð refsi harðlega fyrir það, sem honum er á móti gjört, hlaut að vera sérlega skýr fyrir hinnum vitra Njáli, lögspekingnum; himnakonungurinn var í þessu efni svo gagn-likur jarðneskum konungum er membrum höfðu kynni eða spurnir af, og dýflissa hans — Helviti — var miklu voðalegri en dýflissa nokkurs jarðnesks konungs.

Synir Njáls höfðu nú framið eithvert hið versta ódædi, er þeir drápu Höskuld, og Njáll gat ekki gengið þess duldur, að Helvítis eldur væri þeim vis — og hvað stoðaði þá að saettast við ættingja Höskuldar? Hér þurfti góðra ráða við, og himm rádagóði Njáll fann það er hann

hugði að vel mundi gefast. En það var að láta brenna inni syni sina. Sjálfur vildi hann brenna inni með þeim, til þess að þurfa ekki að hefna þeirra. Vonaði hann, að guð væri svo miskunnsamur, að hann mundi eigi láta brenna sonu hans bæði þessa heims og annars, — fyrst á Bergþórshvoli en síðan í Helvítí.

Njáli kemur ekki til hugar, að láta syni sína skriftast og taka lausnir, og ekki getur þess, að neinn þar á Bergþórshvoli sakni prests eða biðji fyrir sér ákaflega — eins og Gissur Þorvaldsson í Flugumýrarbrennu. — Er þetta atriði fremur til að gera söguna alla sennilega, þegar þess er gætt, hversu kristnin var þá ung, og kirkjuvaldið á Íslandi.

En í andlátssálmi Hallfreðar, sem auðvitað er traustara sönnunargagn en brennusagan, er eins og prestsfundarþörfin gægist fram, enda ber þess að gæta, að Hallfreður hafði tekið kristni erlendis og dvalið þar lengi; það var fyrir fortölur sjálfss »postulakonungsins« Ólafs Tryggvasonar að hann var

neyddr frá Njarðar
niðjum Krist að biðja.

Í frásögunni um brennuna rekur meistarinn smiðshöggjóð á skapferlislýsingu Njáls; vitringurinn er sjálfum sér samkvæmur fram á sitt banadægur. Einmitt af því að hann er »langsýnn og drenglyndr« velur hann sonum sínum og sér hinn versta dauðdaga. —

Liklega hefir slikt, sem nú var sagt frá, verið sjaldgæft í fyrstu kristni á Íslandi, en hitt miklu algengara, að menn hafa dáið eins og þeir vissu ekki af Helvítí. Eg ætla að eins að minna á andlát Jökuls Bárðarsonar¹⁰⁾. Svo segir Snorri: »Pat er hér skjótast af at segja, er síðarr varð mjök miklu, at Jökull varð fyrir liði Óláfs konungs á Gotlandi ok varð handtekinn, ok lét konungur hann til höggs leiða, ok var vöndur snúinn í hár honum ok hélt á maðr. Settisk Jökull niðr á bakka nökkurn. Þá réð maðr til at höggva hann; en er heyrði hvíninn,

réttisk hann upp ok kom höggit í höfuð honum, ok varð mikit sár; sá konungr, at þat var bana-sár; bað konungr þá hætta við hann. Jökull sat upp ok orti þá vísu.

Sviða sár af maði
setit hefk oft við betra
und es á oss sús sprændi
ótrauð legi rauðum;
byss mér blóð úr þessi
ben; ték við þrek venjask;
verpr hjálmgöfugr hilmir
heiðsær à mik reiði.

Síðan dó Jökull¹¹⁾

Kristinn að nafni til hefir Jökull Bárðarson hlotið að vera; en hvergi kemur það fram í þessari vísu, sem er eins og stillilegt andvarp hins helsærða manns um leið og hann litur yfir liðna æfi.

Pegar að því er gætt, hvernig kristnin komst á hér á landi, er heldur ekki við því að búast, að kristnar hug-myndir séu orðnar algengar skömmu eftir árið 1000.

Það voru pólitískar ástæður, eða með öðrum orðum frekja sumra til fjár og valda, en fastheldni annara við þessi sömu gæði, sem réð mestu um kristnitökuna á Íslandi. Likt var um síðabótina síðar; þar er það ásælni konungs-valdsins, sem mestu ræður um síðaskiftin. En hvort-tveggi voru síðaskiftin frá þjóðlegu sjónarmiði hið mesta ólán fyrir Ísland¹²⁾.

Dr. Björn Ólsen hefir af miklum skarpleik sýnt fram á, hyernig kristnitakan muni hafa orðið niðurstaðan af flokkaskiftunum skömmu fyrir 1000; hinir »nýju höfðingjar« styðja kristnina, ekki silt til þess að efla sig til valds, en gömlu goðarnir, hinir sjálfsgögðu forvígismenn heiðninnar, velja þó loks »heldur að taka kristni en að eiga það á hættu að missa veldi sitt«¹³⁾.

Goðarnir voru, eins og eðlilegt er, ekki svo framsýnir að þær sæu, hversu kristnitakan hlaut að verða upphaf að endalokum íslenzka ríkisins.

En merkilegt dæmi er það um hæðni forlaganna, að um leið og íslenzku höfðingjarnir hyggjast sjá sinum eigin yfírráðum borgið, höggva þeir á ræturnar undir valdi niðja sinna.

Það sem oss skiftir mestu í því sambandi, sem hér er ihugað, er nú að fá einhverja hugmynd um það, hvernig kristnir ruðði sér til rúms »í ljörtunum«.

Liklega hefir það verið Helvítis-kenningin, sem einna bæzt undirbjó hinn grýtta jarðveg undir hið annað útsæði kirkjunnar. Vér höfum séð, hversu óttinn við Helvít var það atriði trúarinnar, sem ríkast var í huga Hallfreðar vandraðaskálds; og svo mun hafa verið um fleiri. Og það hlaut að bita á sálir þeirra, sem umhverfis stóðu, og kveikja eða efla hið kristilega hugarfar, að sjá hvernig hinir deyjandi menn buguðust af ótta við kvalastaðinn.

Það má lika nærri geta hvert hefir verið aðalefnið í áminningarræðum prestanna. Getið er um ræðu frá lokum 11. aldar, sem gefur dálitla hugmynd um þetta. Jón Ógmundsson, sem síðar varð fyrsti biskup á Hólum, en þar næst heilagur, talar um fyrir Magnúsi konungi berbein, er hann vildi láta taka af lífi Gísl Illugason, sem drepið hafði Gjafvald, hirðmann konungs.

»Hyggit at nú, herra konungr, hvárr eldrinn muni vera heitari ok langærri, sá lagðr er í eikistokkinn, er gerr er um ofninn, eðr hinn, sem kveiktr er í þurru limi. Nú, ef þú, konungr, dæmir ranga dóma, þá mun þér orpið í þann eldinn, er í eikistokkinn er lagðr; en ef þú dæmir rétta dóma, eftir þinu viti, þá er þó ván, at þú skírir þik í hreinsunareldi, þeim er af þurru limi er gerr¹⁴⁾.«

Petta þótti konungi »strítt talat«.

Pó leynir það sér ekki, að íslenzka kristnir er enn á bernskuskeiði þegar þessi ræða er flutt, og er Helvítis hins heilaga Jóns ekki neitt hjá því sem síðar varð.

Sagt er frá atviki seint á 12. öld (um 1170), sem bendir til þess, hvernig trúin á Helvítis ruddi sér til rúms, og hvernig hún ólst við hatur og heiftrækni. Það hefir verið ekki lítill fróun hefnigjörnum mönnum, að hugsa sér

óviní sína, í kvalastaðnum; en ekki þarf mörgum orðum að því að eyða, hversu óheppileg áhrif trúin á Helviti, einnig að þessu leyti, muni hafa haft á hugarfarið.

Umrenningur kemur að Hvammi; spyr Sturla hann margs og fær að vita, að hann hafi komið í Hitárdal, þar sem óvinur hans, Þorleifur beiskaldi, bjó.

»Hversu mátti Þorleifr?«, sagði Sturla. »Því var betr, at hann mátti vel«, segir ferðamaðrinu. »Já, sagði Sturla, »svá mun vera; því at allar kvalar munu honum spardar til annars heims«.

Umrenningurinn kemur síðar á árinu í Hitárdal. »Þorleifr beiskaldi var spurull við hann, ok frétti: Komtú ór Fjörðum vestan?«. Ferðamaðr sagði svo vera. Þorleifr spurði: »hversu er þangat aert?«. Hann segir þar gott, »nema sótt görðisk þar nú mikil«. Þorleifr mælti: »Komtú í Hvamm?«. »Já«, sagði hann. »Hversu mátti Sturla bóndi?«. »Vel mátti hann«, segir ferðamaðr, »er ek fór vestr; en nú lá hann er ek fór vestan, ok var mjök tekinn«. »Svá mun vera«, sagði Þorleifr; »hann mun nú hafa illt en hálfu verra síðarr«¹⁵⁾.

Í þessari sögu er engin lýsing á Helviti. En hér um bil 100 árum síðar en Jón Ógmundsson talaði fyrir Magnúsi konungi berbein, verður leidsla Rannveigar, og fáum vér þar mjög merkilega fræðslu um Helviti, þar sem timburstokkar eru ekki einir um að hita. Það er þar ekki ofn, heldur brennisteinshver, sem er fyrirmynnd hugans í Helvitissmíðunum.

Rannveig hét kona austur í Fjörðum; »hon fylgði presti þeim er Auðunn hét; hon hafðe fylgt öðrum preste áðr«. (Hún var því að þessu leyti mjög vel til fallin að fá slika vitrun, eins og Maurer drepur á). »Hon var í mörgu lage trúmaðr mikill, þótt henne sœist lítt um þetta«. Rannveig fellur í dá, en þegar hún raknar við, segir hún vitrun sína Guðmundi Arasyni, sem þá var prestur. Fjandar grípa hana og draga yfir brau og klungur, »en þar er þau fóro sá hon kvalar margar ok menn i kvölunum; en þeir fóro með hana, unz þeir kómu at þar hon

sá fire sér því likast sem være ketill mikill, eðr pyttr djúpr ok viðr ok í bik vellanda, en umhverfis eldr brennande. Þar sá hon marga menn, þæðe lifendr[!] ok dauða, ok hon kende suma þar. Hon sá þar alla nær höfðingja ólérða, þá er illa fóro með því valde er þeir höfðo^{16} [þess vegna varð lika að sjá þar »lifendr«; annars hefði Guðmundi presti verið minni hjálp í vitruninni].

Púkarnir ætla nú að steypa Rannveigu í pyttinn vellandi fyrir saurliðnað hennar og önnur afbrot, og faer maður þar að vita, að púkar geta verið eins fullir vandlætingar eins og guðhraeddustu menn. (Trúverndararnir (inkvisitorarnir) hafa aftur sýnt, að guðhraeddustu menn geta á stundum haft gaman af að haga sér eins og púkar, kvalið menn á allar lundir og loksdregið þá á bál). En fyrir tilstyrk helgra manna bjargast Rannveig og faer að eins nokkrar slettur. Miðar síðari hluti vitrunarinnar að því að sýna hverjir helgastir hafi verið af biskupunum, og svo að því hvilikur dýrðarmaður sé Guðmundur prestur Arason, og er spáð, að hann muni verða mestur »upphaldsmaðr lande þesso« með bænum sínum. Guðmundur góði var yfir höfuð mjög vinsæll af kvennþjóðinni.

Pessi vitrun — og aðrar likar — hefir nú sjálfsagt styrkt mjög kristnina, þaði beinlinis, með því að auka mönum ótta við Hélvítí, og eins óbeinlinis, með því að effa trúna á heilagleika þeirra, sem síðar urðu dýrlingar.

Þá erum vér komnir að öðru meginatriði til effingar kristninni á Íslandi, en það var dýrlingatrúin.

Dýrlingarnir voru Kína-lifs-elixír þeirra tíma, og þó raunar enn þá betri en jafnvel endurbættur og uppsettur Kína-lifs-elixír, því að trúin á þá var enn þá lausari við nokkrar efasemdir. Til dýrlinganna var leitað við öllum kvillum, og þeir læknudu þá alla eða því sem næst, ef trúna má jarteinabókunum, sem voru dýrlingunum sama sem vottord læknaðra í auglýsingunum eru fyrir kynjalytin, nema hvað þær voru langtum fjölskrúðugri. Og dýrlingatrúin fylti sjóði kirknanna, alveg eins og kynja-

lyfstrúin hefir margan sjóðinn fylt á tínum, sem oss eru nær.

ENN dýrlingarnir fengust nú lika við fleira en læknigar; þeirra hjálpar var leitað í hvers konar vandræðum og þrautum¹⁷⁾; þeir hjálpuðu til að finna fingurgull sem týndust, studdu mann til að draga upp úr hest sem ofan í hafði farið og reyndust vel í hvers konar mótlæti. Að minsta kosti getur ekki um að þeir hafi reynst illa, enda áttu slikar sögur ekkert erindi i jarteinabækurnar. Eða er verið að auglýsa það i blöðunum, þegar kynjalyfin bregðast?

Heilagur Þorlákur og hinn helgi Jón voru báðir, eins og kunnugt er, hinir mestu gagnsmenn kristninni (og skaðlegir fornislenszkri meiningu) meðan þeir lifðu. En að öllum likindum hafa þeir unnið kristninni hér á landi enn þá miklu meira gagn eftir dauða sinn, er þeir fyrir kraft kvenna- og klerkadrauma — eða vitrana, sem vist má telja sérstaka tegund drauma — voru orðnir »ráðvaldar með guði« eða dýrlingar íslenzku kirkjunnar.

Að likindum er það mikil dýrlingunum að þakka og »Guðmunde preste« hvað litið ber á vantrú úr því kemur fram yfir 1200. Vantrúin er nú að vísu ekki svo litil, sé miðað við það sem seinna varð. Þannig lézt Þorsteinn Þorlaugarson ekki vita, hvort bein þau, sem Guðmundur prestur var að venja fólkis við að kyssa á, væri helgra manna bein eða hrossabein og stefndi Guðmundur honum þá »um guðlöstun« og fekk sjálfdaemi¹⁸⁾; 100 árum seinna hefði Þorsteinn liklega verið brendur fyrir. Enn bannfærði Guðmundur, eftir að hann var orðinn biskup, Kolbein Tumason, en »Kolbeinn ok öll alþýðan metr þat enkis«¹⁹⁾. Bannfæringarnar bitu betur á jafnvel forhertustu sálar þegar lengra leið á 13. öldina.

EN hvað er þetta, sem nú var talið, hjá þeirri vantrú, sem hafði komið fram áður á tínum og þó meir en 100 árum eftir kristnitökuna. Eg á við atvik eitt, sem segir frá í Þorgils sögu og Haflida og mun slík vantrú, sem þar er lýst, naumast hafa verið eins daemi. Það er

á Alþingi árið 1120. Þorgils Oddason ságir við Böðvar Ásbjarnarson: »Pat mæla menn, at þú sér trúlauss, mágr, ok meðallagi góðgjarn Böðvarr mælti: »Pat er ok satt er þú segir²⁰⁾.«

Orð Böðvars eru afar eftirtektarverð. Kirkjan var þá snemma á 12. öld, ekki búin að ná betra tangarhaldi á Íslendingum en þetta! Sá orðrómur gat legið á íslenzkum höfðingja, að hann væri trúlaus, það er að segja andlega óháður kirkjunni; og hann játaði þetta hiklaust á sjálfu Alþingi, ef svo bar undir.

Svona mikil var andlegt frelsi hér á landi, á dögum þeirra Ara fróða og Sæmundar. Og ætli ekki hefði orðið daufari »ljóminn af frægðaröld Íslands«, hinar fornu bókmentir vorar, ef andinn sé, sem kom fram í hinum helgu mönnum Jóni og Þorláki, í Guðmundi Arasyni og Staða-Árna, að eg ekki nefni útlendu biskupana, hefði þegar á 12. öld verið búinn að blinda svo hina góðu íslenzku skynsemi, eins og síðar varð?

Framfarir trúarinnar næstu 200 árin eftir daga Böðvars Ásbjarnarsonar voru geysimiklar. Illa hefði farið fyrir þeim manni, sem á alþingi 1320 hefði dirfst að segja að hann væri trúlaus. En það var ekki haett við að slíkt kaemi fyrir. Trúleysi eða andlegt frelsi var þá dáið út á Íslandi -- og einnig sú snild, sem skapað hafði meistaraverk er seitn munu fyrnast.

En að góðgirnummi hafi farið fram að sama skapi og trúnni, er meir en vafasamt. Árið 1331 er beitt þeirri hryllilegustu refsingu, sem mannlegri grimd hefir hugkvæmst, kvíksetningu²¹⁾. Skömmu síðar, (1343) er brend nunna í Kirkjubæjarklaustri fyrir ekki stærri sakir en þær, að hún hafði »mælt óvirðulega til páfans« eins og Espólin kemst að orði²²⁾.

Eugar sögur fara af því, að svo viðbjóðslega grimdarfullar refsingar hafi tilkast í heiðni hér á landi; og er næsta efasamt, að meiri mannúð hafi ríkt í íslenzkri kristni á 14. öld, heldur en í íslenzkri heiðni á 10. öld.

Yfirleitt er mjög erfitl að leggja trúnað á það mál sumra manna, að afturför í grimd, en framfarir í mannúð séu

fyrst og fremst kirkjunni og trúnni að þakka. Á síðustu 2—300 árum hafa framfarir Evrópu í mannúð óefnað verið miklu meiri en um 16—17 aldir þar á undan; en varla mun nokkur treysta sér til að halda því fram, að effling kirkju og trúar sé það, sem einkum einkenni 2 eða 3 síðastliðnar aldir, og að trúin hafi því á þessum 200 árum getað áorkað meiru í þessu efni en um nærfelt 1700 ár áður.

Eg hef minst á þessa viðburði frá því timabili er trúin er orðin einvöld á landi hér, til þess að sýna hinn feiknarmikla mun á því, sem áður var. Ær það auðvitað einkum saga 13. aldarinnar, sem hjálpar oss til að skilja þennan mikla mun. Prettánda öldin er nokkurs konar ragnarök fyrir hið forna Ísland, og líklega eitthvert fróðlegasta tímabilið í trúarsögu þjóðarinnar. Blóðvellir Sturlunga-aldarinnar veita afbragðs færi á að sjá hvernig menn voru inn við beinið í trúarefnum.

En því miður verð eg i þessari stuttu ritgerð að leiða hjá mér trúarsögu 13. aldarinnar að mestu leytti; væri þar efni í heila bók, og vonandi verður sú bók rituð af einhverjum, sem auk annars er við þarf hefir meiri sögufróðleik til að bera en höfundur greinar þessarar. Áður eg lýk máli mínu, verð eg þó að minnast á fátt eitt af því sem gerist um aldamótin 1200.

Þórðarsynir, Hákon og Hildibrandur, og Arnþrúðarsynir, Snorri, Þorsteinn og Brandur, sem verið höfdu að brennu Önundar Þorkelssonar í Lönguhlíð, eru handteknir í Laufási haustið 1198. Brandur kemst af snarræði í kirkju²³⁾. »En þeir braeðr, Þorsteinn ok Snorri, bjoggusk við lífláti, þógu sér ok kembdu, og bjoggusk sem til fagnaðar væri at fara. Þá mælti Snorri: »Pat vilda ek,« segir hann, »at ek væra fyrr af lífi tekinn en Þorsteinn, því at ek treystumk hónum betr at hann mundi fyrirgefa, þótt hann sæi mik af lifi tekinn.« Þá mæltu menn Þorgríms, »at festa skyldi fyrir augu þeim nökkut. En þeir svöruðu,« ok kvóðusk eigi þurfa að láta binda fyrir augu sér sem þjófum; kvóðusk opt hafa vápn sét.«

Síðan eru þeir höggnir.

En af Þórðarsonum er það að segja, að »Hildibrandr komsk at kirkju, ok gat fengit kirkjustoðina; ok slitu þeir hann af stoðinni; ok síðan vá Sölvi hann.« Þorgrímur hafði griðum heitið þeim braðrum. »Pá bað Hákon at höggva skyldi af hónum hönd ok fót, ok fara utan við þat ok baeta fyrir sér ok öðrum, ok ganga suðr. Þorgrímr kvezk eigi vilja sína hann svá. Hákon bað, at þeir skyldi stanga hann til bana, en höggva hann eigi. Þorgrímur vildi þat eigi. Þá varð eingi maðr til at vega at Hákon, því at Sölvi vildi eigi vega hann, því at hann hafði veitt Hákonu trygðir fyrir vig Þóroddz. Þá svarar Sigurðr (Grikk²⁴): 'Ek mun ór því vandræði ráða at vega at Hákon'. Hákon svarar: 'Þat munda ek ok helzt kjósa; því at frá þér em ek ómaklegastr þeirra manna er hér eru. Ek tók við þér félausum er þú komt út, ok veitta ek þér vist; en ek stóð þík þrysvar í hvílu hjá konu minni Guðrúnu'. Hákon gaf upp vápn sín öll Sölvu Þóroddzsyni. Síðan vá Sigurðr hann²⁵.

Í þessari frásögn er margt eftirtektarvert, en ekki silt orð Snorra; hann vill ekki sjá bróður sinn liflátinn, því að þá hygst hann munu deyja í heiftarhug, og fara til Helvitís.

Í þættinum af Gisl Illugasyni er þetta hugarfar greini-legar skýrt. Gjafvaldur sá, er Gisl hafði sært til bana, vill finna konung áður en hann deyr; biður hann að gefa Gísli grið; kveðst hafa talað við kennimenn og tekið þjónustu af þeim, »ok segja þeir mér svá, at ek muna verða hjálpar-maðr, ef nú fyrirgef ek þat, er við mik er missert. Nú vænti ek þess, herra, at eigi munir þú byrgja svá fyrir mér himnariki, at sjá sé dauðamaðr«.

Hákonar þáttur Þórðarsonar hefir að ýmsu leytti á sér innsigli sannleikans. Guðrún hét kona hans, nokkurs konar Hallgerður langbrók sinnar aldar, og mannskæð i meira lagi. Hún hafði gift verið tvívegis áður en Hákon fekk hennar, og hafði hann fyrir lævísá áeggjun Guðrúnar drepið miðmann hennar, er Hrafn hét. Hafði Hákon banað Hrafni með spjóti, og ef til vill er það þetta, sem

vakir fyrir honum þegar hann biður þess að hann sé stangaður til bana, liklega í þeirri von, að hann verði þá fremur »hjálparmaðr«, sé honum goldið líku likt. Eftir að Hákon hafði fengið Guðrúnar, var hann við hana harður, »ok kvað sér skyldu eigi þat verða, at hennar menn stæði yfir höfuðsvörðum hans«²⁶⁾. Og bar þó á það skerið fyrir honum, eins og áður er sagt. Liklega kýs Hákon Sigurð Grikk helzt fyrir banamann sinn í þeirri von, að hann muni fá þess grimm gjöld aðnars heims, er hann launaði svo gott með illu.

Hugmynd Hákonar Þórðarsonar, að baeta fyrir sér og öðrum með því að láta höggyva af sér hönd og fót, kemur enn þá betur fram á öðrum blóðvelli, nokkrum árum seinna.

Sveinn hét maður, Jónsson, og var nefndur sveitarbót; hefir hann þó liklega ekki fengið það frægðarnafn fyr en dauður, og einmitt af lifláti sinu. Sveinn var einn af köppum Guðmundar biskups Arasonar, og er til þess tekið hve vel hann hafi gengið fram í Viðinesbardaga, þar sem Kolbeinn Tumason féll.

Vorið eftir fall Kolbeins veittu höfðingjar biskupi heimsókn á staðinn; varð þar fremur litið um varnir og gengu »í kirkju til friðar þeir menn er sér þótti óvænt til griða«. Sveinn Jónsson var einn i þeirra tölu.

Snorri Sturluson býður nú biskupi til sín og »ferr biskup brott með hónum þann dag. En er biskup var í brott, gengu þeir Arnórr í kirkju með vápnum ok eggja hina út er inni vóru, ok þeir þóttusk mestar sakir við eiga, ella kvóðusk þeir mundu sækja þá eðr svelta í kirkjunni«. Þá tók Sveinn Jónsson til orða: »'göra mun ek kost á út at ganga'. Þeir spurðu hverr sá væri. 'Ef þér limit mik at höndum ok fótum áðr þér hálshöggit mik'. En þessu var hónum játað. Gekk hann þá út ok allir þeir; þviat þeir vildu ekki at kirkjan saurgaðisk af þeim eða þeirra blóði. Allir géngu slyppir út. Var Sveinn þá limaðr ok saung meðan *Ave Maria*. Síðan rétti hann hálsinn undir höggit; ok var all-mjök lofuð hans hreysti«²⁷⁾.

Sveini Jónssyni má ekki gleyma í kirkjusögu Íslands. Hann sýnir hvað trúin, skömmu eftir 1200, gat verið orðin rótgróin jafnvel í harðgerðustu brjóstum; og jafnframt sýnir hann hve sterk áhrif Guðmundur biskup, þessi trúmaður svo hélt »við vanstille«, hafði á þá sem með honum voru. Naest skapi annari eins hetju og Sveini hefði það sjálfsgagt verið, að berjast fram í rauðan dauðann, og reyna að hafa mann syrir sig, einn eða fleiri; og það er ekki lítið vald, sem þurft hefir til þess að breyta öðrum eins bardagamanni svo, að haum lætur af fúsum vilja brytja sig niður, án þess að reyna að koma nokkurri vörn fyrir sig. En vikingslundin gægist þó fram hjá þessum píslarvotti trúarimur og Guðmundar biskups, eigi að eins i hreystinni. Að vísu kýs hann sér semilega þennan hroðalega dauðdaga guði til velþóknunar, til að baeta fyrir sig og ef til vill aðra, og til að vera viiss um að lenda ekki í Helviti. En liklega gerir hann þetta hreystibragð jafnframt sér til frægðar, að fornum vikingasið. Karlmenska Sveins er samblund af hreysti vikingsins, sem »bregður sér hvorki við sár né bana«, og af þolgæði píslarvottarins sem styðst við trú hans og von: að sleppa hjá enni þá verri kyöldum síðar meir en hreppa himnaríkis sælu.

Annað eins og þetta, hefir sjálfsgagt alið á þeirri svívirðilegu grimd, sem virðist fara vaxandi eftir því sem liður á Sturlungaöldina.

Hver stétt og tegund mauna hefir sina sérstöku hræsni — eins og Goethe hefir tekið fram. Hræsni vikingsins var nú einkum sú, að taka dauða sínum eins og það væri atburður, sem ekki gæti raskað hugarró hans, svo geigvaenlegur sem hann þó virtist; og þurfti að vísu til þess aðdáanlega vel stiltar taugar og trausta karlmensku.

En hinum kristnu afkomendum vikinganna var ekki einhlitt að verða karlmannlega við dauða sínum, því að dauðinn var, eins og áður er á vikið, inngangur að ógnum, þar sem jafnvel hreysti Gunnars eða Skarphéðins hefði að engu haldi komið. Kristnir urðu meinnirnir, þó þeir væru eins að gerð, að verða eigi einungis karlmann-

lega við dauðanum heldur einnig hjálpvænlega, eins og sagt er um Sæmund Ormsson, sem níðingurinn Ögmundur Helgason lét drepa.

Og vér sjáum menn Sturlungaaldarinnar vera að leitast við að sameina þetta tvent; þess vegna fer oft saman hjá þeim mjög óvikingsleg þolinmaði og hið vikingslegasta Hugrekki. Vér skiljum nú hvernig stendur á því, að menn, sem voru svo hardir í hug, að þeir leika sér við dauðann með því, að horfa í loft upp, að eggjimi, þegar höggva á af þeim höfuðið (eins og Hermundur Hermundarson eða Þórður Bjarnarson), þessir sömu menn láta þolinmóðlega taka sig og leiða til höggs, í stað þess að verjast meðan þeir geta vopnum valdið, eins og þeim hefði verið eðlilegast.

Þessi stilling, sem jafnvel einnig getur komið fram á orustuvellinum, er það, sem mun hafa valdið þeim mis-skilningi, að hin forna hreysti Íslendinga hafi verið horfin þegar á Sturlungaöld. En slik ætlan er mjög fjarri sanni. Sturlunga sýnir, að Íslendingar á 12. og 13. öld voru ekki síður hraustir og harðgerðir en á vikingaöldinni, þó að naumast væru þeir eins vopnsmir²⁸⁾. Það er að segja: holdið var enn þá álika harðgert og fyrr, en andinn var að einu leyti veikari orðinn, vegna trúarinnar.

Vikingurinn vildi sigra eða falla með sæmd; niðjar hans á Sturlungaöldinni kunnu að vísu einnig að deyja eins og hetjur, en þeir óttuðust að falla í vígahug og án þess að hafa fengið prestsfund. Því er þess vanalega getið, hvort »dauðamenn« hafi haft prestsfund eða ekki. Þetta atriði dregur úr þeim þegar í tvísýnu er komið; þess vegna eru þeir svo fljótir að gefast upp. Það er, eins og orð Snorra Arnþrúðarsonar benda til, engan veginn af hræðslu við vopn, því síður af meðfæddri friðsemi; en þeir vilja heldur rétta háls undir öxi óvina sinna eins og lamb, sem er til slátrunar leitt, og verða hólpni, heldur en falla eftir frækilegustu vörn — og fara til Helvitís.

Þetta hlýtur oft að hafa haft áhrif á rás viðburðanna, og er í sögunni, sem gerist eftir þann tíma, sem einkum

hefir verið raett um hér að framan, mikid efiss til hugleidningar í þá átt, þó að ekki sé hér lengra haldið.

Hið andlega frelsi, sem um tíma var á svo háu stigi hjá Íslendingum, reyndist næsta þýðingarmikið fyrir þekkinguna á sögu og máli hins norræna kynfloks.

En þetta andlega frelsi stóð því miður ekki föstum fótum og varð þess vegna laust fyrir, er kirkjan sótti á. Það stóð ekki á öðru en því sjálfræði, sem seðurnir höfdu látið i arf, og svo á góðri skynsemi, er leitt hafði til skynsamlegrar þekkingar, sem náði þó stutt, að eins yfir það sem næst er og opnast fyrir. Að visindum, sem svo eru nefnd, verður þekkingin, þegar menn með glöggskygningi, greind og rökvisi, leitast við að rekja samhengi hlutanna lengra en i daglegu lífi virðist þörf á. Einmitt af því að visindin fást oft við efni, sem í fljótu bragði virðast einskis varðandi fyrir hag manna, hafa fávísir menn ekki allsjaldan fyrirlitningu á visindum, á likan hátt eins og hestum og nautum sjálfsagt mundu þykja áveitur og annað það, sem menn þó gjöra til að efta grasvöxt, næsta óþörf fyrirtæki.

Andlegt frelsi forfeðra vorra stóð ekki á visindalegum grundvelli.

En hve frábært vit var til hjá formmönnum, er sjálft málíð, sem hugsar svo miklu meir en vér, sem nú tölum það, ekki síztur vottur um. Örnefni og jurtanöfn súm lýsa því ef til vill bezt, hve glöggum augum þeir litu á náttúruna.

Það er naumast of ríkt að orði kveðið, að það hugsunarfar, sem vér nefnum visindalegt, gægist fram í orðunum frægu: »Um hvat reiddust goðin, þá er hér brannhraunit, er nú stöndum vér á«. Snorri goði kemur þar fram sem fyrsti jarðfræðingur á Íslandi. Og hver veit, nema þessi litli vísir, sem þarna gægist fram, hefði að miklu orðið, ef Íslendingum hefði auðnast að varðveita lengur andlega frelsið.

En kirkjutrúin skemdi of fljótt skynsemi Íslendinga. Enginn harðstjóri er ógurlegri en hjátrúin, og sjáum vér það ekki sít á því, hvernig miðaldatrúin gat svínþeygt jafn harðsvíraða meun og Forn-Íslendingar einatt voru.

Eitt hið æðsta hlutverk visindanna er nú, eins og hinn mikli Herbert Spencer hefir tekið fram, að herja á hjátrúna. Æfi mannkynsins er nógu ill og bölvuð²⁹⁾, og framfaraleiðin torsótt, þó að ekki sé á draugamyrkur hjátrúarinnar³⁰⁾.

Visindin hafa stutt fjáraflamennina til að gera gullhrúgur sinar staerri en dæmi voru til ádur. En hitt er þó meira um vert, að þau hafa slökt vantrúarbálin og galdrabrennurnar, sem ótti vanþekkingarinnar og grimdarfull hræsni trúverndaranna (inkvísitoranna) hafði kveikt við eld Helvitíis, hundruðum þúsunda saman. Fleira mætti auðvitað telja sem visindin, þ. e. ávöxtur skynsamlegrar og viðtækrar rannsóknar og íhugunar, hafa gert til að létta kvöldum af mannkyninu, og er þó að likindum litið unnið i þá átt á móts við það, sem enn mun verða gert: því að jarðfræði og fornfræði benda til þess, að mannkynið sé enn þá naumast komið af bernskuskeiði, en visindi og mannúð öll rétt að hefjast.

Það er i augum uppi, að saga Íslendinga hefði orðið mjög á annan veg, hefðu þeir þegar á þjóðveldistímanum verið komnir svo langt í þekkingu, að trúin á Helvitíi hefði ekki getað fest rætur hjá þeim. Eg skal minnast á það eitt, að án þeirrar trúar var kirkjuvaldið óhugsanlegt, en kirkjuvaldið var það, sem einna mestan þátt átti í að koma landinu undir konung, og biskuparnir urðu síðar meir beinlinis að landplágu, eins og lesa má um í ádur nefndri bók Jóns sagnfræðings (t. d. bls. 125 og viðar)³¹⁾.

Svo mikil gat að gert skortur á þekkingu á eftum, sem flest ekki virðast snerta hag manna að neinu marki, eða miða til fjárafla, að Íslendingar eru hans vegna, að heita má, önnur og fráleitt betri þjóð en ella mundi.

Tilteitnanir og athugasemdir.

¹⁾ »Vikingarnir biðu oft ósigur í orustum sínum við Engla, Ira og aðra þratt fyrir áheit að Óðin og Þor, og það lá meiri, að skóða ósigurinn sem ósigur grða þeirra og alfta, að guð kristinna meinað eða Hvitakristur væri raunmari eða fult eins sterkur«. Finnur Jónsson: Bókmentasaga Íslendinga, Khoſn 1904, bls. 13.

²⁾ Biskupasögur I, bls. 16.

³⁾ Um slíka meini sjá t.d. Bogi Melsteð: Íslendinga saga I, bls. 288.

⁴⁾ »Síðkenning norraennar heildni er með ólu sprottin upp úr edlisfari hins norraena kynflokkks, heilnæm og heilbrigð, en að vísu einnig harðleg. . . . Síðkenning formmama stóð ekki í neinum verulegu sambandi við trúarbrögðin, heldur er hún þvert á móti óháð þeim frá rótum«. Konrad v. Maurer: Die Bekehrung des Norwegischen Stammes zum Christentume II, 1856, bls. 188. Þessi orð hins fræga víständamanns eru mjög eftirtektarverð, ekki sízt í sambandi við skoðanir þær, sem Th. Huxley — einn af vitrustu mannum á oldinni sem leid, eins og kunnagt er — lætur í ljós í ritgerð sinni um breytingar þær sem á guðfræði verða. »Spámenningarir«, segir Huxley, »leitast sifelt við að losa síðkenninguna eða réttara sagt kenninguuna um það, hvernig vér eignum að breyta svo vel sé, úr Glámsgreipum þeirrar guðfræði, sem næst gengi hefir í þann og þann svípinn. [Mjög lausl. þýtt]. (Collected essays, Vol. IV, bls. 361). Það ber vott um, hversu langt vikingarnir voru komnir í menningu, að þeir skyldu á algjorlega mannlegum en ekki »gúðlegum« grundvelli, hafa komið sér upp breytnisreglum, sem lýsa má eins og Maurer gerir hér að ofan. Ok ekki þarf annað en að minna á Arnór kerlingarmef eða Gunnar á Hlíðarenda til að sýna, að harkan var þar ekki einrvöld.

⁵⁾ Konráð Maurer tekur svo djúpt í árimi, að hann telur síðaskiftin hafa átt drygsta þáttinn i spillingu Sturlungaaldarinnar. »Zum Theil lässt sich jene entsetzliche Zerrüttung . . . auf die politische Lage der Insel zurückführen . . . Zum Theil dagegen, und vielleicht zum sehr überwiegenden Theile, macht sich auch noch ein ganz anderer Umstand dabei geltend, der Übergang nämlich, so paradox diess klingen mag, zum neuen Glauben. Maurer: Island, bls. 276.

⁶⁾ Próf. Finnur Jónsson telur Sólarljóð »að öllu kristilegt kvaði«. Bókmentasaga Íslendinga, bls. 186.

⁷⁾ Auðvitað er það afarmikill galli, að vér getum ekki raun-sakað atburðina sjálfa, heldur að eins frásöguna um þá. Og hvað mikð í frasógunum er skáldskapur, er ekki auðið að vita.

⁸⁾ Hallfreðar saga, 11. kap. Bókmentasaga F. Jónssonar, bls. 130.

⁹⁾ Leturbreytingin eftir miig.

¹⁰⁾ Af ett Ingimundar gamla, segir í norsku þýð. á Heimskr.

¹¹⁾ Heimskringla II, bls. 424 (útg. Finns Jónssonar).

¹²⁾ Það er að nokkru leyti frá því sjónarmiði, sem Þorsteinn Erlingsson kveður svo snjalt um kristnítökuna (í kvaðinu »Örlög guðanna«). En að síðabótiin var fyrst og fremst stjórnarbylting og

sú ekki til hins betra, hefir Jón Jónsson sagnfr. mjög vel tekið fram í bók sinni »Íslenzkt þjóðerni».

¹³⁾ Próf. B. M. Ólsen: Um kristnitökuna árið 1000 og tildróg hennar. Rvík 1900, bls. 100.

¹⁴⁾ 40 Íslendinga þættir. Rvík 1904, bls. 72.

¹⁵⁾ Sturlunga I, bls. 69. ¹⁶⁾ Biskupasögur I, bls. 451—2.

¹⁷⁾ Það var illa gert að svista íslenzku þjóðina dýrlingum sínum eiumitt þegar mest lá á. Ætli ekki uppgangur djöfulsins á 17. öld hefði orðið minni hér á landi, og galdrabreunurnar þess vegna nokkru færri, ef himna heilögumannar hefði notið við þá eins og aður.

¹⁸⁾ Biskupasögur I, bls. 449—50. ¹⁹⁾ Biskupasögur I, bls. 490.

²⁰⁾ Sturlunga (Guðbr. Vigfússon) I, bls. 24.

²¹⁾ Mord vig Torrads Þormoðs sonar IX. dag jola af Gudlaugi [Hafflida syni]. kuiksettr Gudlaugr og Sigríðr kona Torrads. Islandske Annaler ved G. Storm, bls. 348.

²²⁾ Fyrir »pava blasphemiam«. Islandske Annaler (G. Storm), bls. 274 (Lögmannsannall). En í Flateyjarannál er nunnunni gefið aunað að sök; (því líklega er ekki um 2 nunnur að ræða). Hún hafði gefist »pukanum med brefi. hon hafdi ok misfarit med gudslikama ok kastat aftr um naadahustre. laagiz med morgum leikmonnum.« o. e., bls. 402.

²³⁾ Björn Ólsen hefir í safni til sögu Íslands, o. s. frv. III, bls. 237—38, fært mjög semileg rök að því, að það sé einmitt Brandur, sem er heimildarmaður fyrir frásogninni um atburði þessa og væri hún pá því merkilegri.

²⁴⁾ Líklega svo nefndur af því að hann hafði verið í Miklagarði.

²⁵⁾ Sturlunga I, (Guðbr. Vigfússon), bls 161.

²⁶⁾ Sturlunga I, bls. 137. ²⁷⁾ Sturlunga I, bls. 221.

²⁸⁾ Gregorius Dagsson segir við Hall Auðunarson: »Margir menn þykkji mér mjúkari í sóknum en þér Íslendingar, því at þér eru úvanar eu vér Noregsmenn, en engir þykki miér vápnudjarfari en þér.« Heimskringla (Unger, bls. 757—58). Á 13. öldinni skorti ekki færi á að venjast bardögum og manndrápum á Íslandi, enda maettu nefna dæmi, sem benda á framfarir í bardagalistinni eftir því sem líður á þann sorgarleik, sem nefnist Sturlungaöldin.

²⁹⁾ Orðið er hér haft í sinni réttu þýðingu, og er það eins og kunnugt er leitt af böл (sbr. ölvadur af öل). Að bölvu einhverjum eða qinþverju er málsvenja, sem naumast hefir komið upp fyr en íslenzkri hugsun var farið að hnigna. Þetta er þó aðeins getgáta, sem engan veginn byggist á nægri þekkingu.

³⁰⁾ Það er eitt eftirtektavert tákni tímanns, þó lítið sé, að danski rithöfundurinn Karl Gjellerup nefnir Herbert Spencer eingreginn flathaus (»en decideder Fladpande« (með öðrum orðum naut eða eitthvað í þá áttina) í »Politiken« ^{28/12} 1905. Betur sæti á grútarlampu að hæða rafljós. Það er í fleiru en manndrápum og hryðjuverkum, sem þessir síðustu tímarr minna á miðaldirnar.

³¹⁾ Þegar á 14. öld er í annálum kvartað umdan hörku biskupa.